



Framtíðarhlutverk sjávarútvegs í íslensku efnahagslífi

Dr. Ásgeir Jónsson

Dósent og deildarforseti hagfræðideildar
Háskóla Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIDEILD



Föðurland vort hálf er hafið





Aðgöngumiði að heimsmarkaðinum


- Iðnvæðing Íslands hófst með vélvæðingu sjávarútvegs í upphafi tuttugustu aldar – í kjölfar skipsskrúfunnar og botnvörpunnar.
- Sjávarútvegur var aflvél hagvaxtar nær alla tuttugustu öld.
- Botnfiskaflinn toppaði í tæpum 700 þúsund tonnum árið 1981 – hefur legið á bilinu 400-500 þúsund tonn frá 1988.
- Með upptöku kvótakerfis með framseljanlegum aflaheimildum frá 1990 og afnámi útflutningshafta á sjávarafurðir með inngöngu á EES 1994 hefur heppnast að auka útflutningstekjur með sömu tonn upp úr sjó.
- Sjávarútvegur byggir núna á flóknum virðisbætur – frá hafi til neytenda.
- Samt sem áður er ljóst að sjávarútvegur mun ekki vera helsta aflvél hagvaxtar á tuttugustu og fyrstu öld.





Botnfiskveiðarnar náðu hámarki 1981


Botnfiskafli á Íslandsmiðum, í tonnum 1898-2016





Minnkandi vægi sjávarútvegs í útflutningi


Hlutfall sjávarafurða af útflutningi – bæði með tilliti til vöru og þjónustu, 1840-2016





Minnkandi vægi sjávarútvegs í framleiðslu


Hluttur fiskveiða og fiskvinnslu af landsframleiðslu, 1997-2017





Sjávarútvegur hætti að leiða á hagvöxt eftir 2000

Landsframleiðsla og útflutningur sjávarafurða á föstu verðlagi, 1950-2017





Þrenns konar hlutverk á nýrri öld






Hlutverk 1 – aflvaki stöðugleika

- Ef litið er á sjávarútveg sem eina heild hefur heppnast að ná merkilegum stöðugleika með upptöku aflamarkskerfis með framseljanlegum heimildum.
 - Mun betri veiðistjórnun – fleiri tegundir sem er verið að nýta.
 - Stærri sjávarútvegsfyrirtæki með fjölþættari rekstur og alþjóðlegt markaðsstarf.
- Staðreyndin er því sú að síðasta aldarfjórðung hefur sjávarútvegur verið aflvaki stöðugleika í íslensku hagkerfi.
- Greinin hefur veitt mikilvægan bakstuðning í síðustu tveim niðursveiflum – 2001 og 2008 – þegar landsmenn hafa verið að prófa sig áfram með nýjar atvinnugreinar.
- Svo mun einnig í næstu niðursveiflu!





Lögmálið um hina sértæku áhættu



- Ef ein atvinnugrein hefur mikla sértæka áhættu (ideosyncratic risk) sem hefur ekki fylgni við aðrar greinar ...
 - mun hátt efnahagslegt vægi valda þjóðhagslegum óstöðugleika – þar sem hún hefur mátt til þess að hreyfa hagkerfið af eigin afli ...
 - en um leið og vægi hennar minnkar – fer hin sértæka, ófylgna, áhætta að skila áhættudreifni.
- Sjávarútvegur er kominn á þann stað núna í efnahagslífinu að sú áhætta sem fylgir greininni er farin að skapa stöðugleika í heildarsamhengi.
- Það er frábært að ein helsta útflutningsgrein landsins skuli hafa sértæka áhættuþætti sem eru ótengdir öðrum greinum.





Hlutverk 2 – aflvaki nýsköpunnar


- Sjávarútvegur er helsti brimbrjótur tækniframfara og nýsköpunar í íslensku hagkerfi.
- Margir hliðarsprotar hafa vaxið út frá megin stofninum sjálfum.
- Eftir því sem hefðbundnum störfum í veiðum og vinnslu hefur fækkað hefur hliðarstörfum fjölgað.
- Mannaflapörf greinarinnar hefur verið að breytast og hún hefur í auknum mæli orðið vettvangur fyrir menntað fólk á sama tíma og störfum fyrir ófaglærða hefur fækkað.
- Í engri annarri grein geta Íslendingar lýst yfir alþjóðlegri forystu nema í sjávarútvegi!





Lögmálið um atvinnugreinar í yfirstærð

- Nýsköpun krefst þess að nægjanlega mikið af mannaúði og fjármagni komi saman í einum kjarna til þess að eitthvað áhugavert gerist.
- Lítil lönd geta aðeins haft takmarkaðan fjölda af kjörnum – eða atvinnugreinum í yfirstærð.
- Ísland hefur nokkrar atvinnugreinar í yfirstærð þaðan sem nær öll nýsköpun hefur komið á síðari árum.
 - Sjávarútvegur-matvælaframleiðsla
 - Heilbrigðisþjónusta
 - Verkfræði – tækni/tölvumenntun
 - Flug – fjármál – orkuframleiðsla?
- Sjávarútvegur er mikilvægasti nýsköpunarkjarni landsins





Hlutverk 3 – aflvaki framleiðni

- Frjálst framsal aflaheimilda, frjálsir fiskmarkaðir og malbikaðir vegir hafa gert landið að einu markaðssvæði fyrir fisk og fiskvinnslu!
- Betur rekin sjávarútvegsfyrirtæki hafa keypt út hin lakari og fiskvinnsla hefur þjappast saman í iðnaðarkjörnum.
- Það er áfall fyrir einstakar byggðir að missa frá sér aflaheimildir samfara því að störfum hefur almennt fækkað í greininni, en samkeppnishæfur sjávarútvegur er þó forsenda fyrir samkeppnishæfum lífskjörum úti á landi.
- Einu hálaunastörfin á landsbyggðinni eru einmitt í sjávarútvegi!
- Sama við um Ísland í alþjóðlegu samhengi – þó störfum í sjávarútvegi hafi fækkað er ljóst að þessi grein mun geta geta greitt samkeppnishæf laun til framtíðar – og tryggt góð lífskjör á Íslandi.





Lögmálið um lífskjör þjóða




- Lífskjör þjóða velta ekki á fjölda starfa né heldur magni útflutnings, heldur framleiðni.
- Framleiðni er það afl sem stendur að baki bættum lífskjörum þannig að færri hendur geti unnið sama verk.
- Þjóðhagslegur ábati snýst um betri nýtni að sömu aðföng, eða framleiðsluþættir, skili meiri afrakstri í framleiðslu.
- Sjávarútvegur og tengd starfsemi eru framleiðnustu greinar landsins.
- Fækkun starfa er með öðrum þæði gleðileg þróun – og vitnisburður um bætt lífskjör.





Enginn hagnaður í sjávarútvegi fyrr en eftir 2000

Hagnaður í sjávarútvegi sem hlutfall af tekjum, 1980 til 2016.






Sjávarútvegurinn og krónan





Ný samsetning útflutnings


Vöru- og þjónustujöfnuður, 1995-2018





Það virðist vera að fjara undan krónunni


Samtala vöru- og þjónustuviðskipta, 1995-2018





Lítill breyting á veltu => miklar breytingar á verði

Dagleg velta á gjaldeyrismarkaði, 2018





Hinar sígildu gengissveiflur krónunnar

Raungengi krónunnar á mælikvarða verðlags, 1980-2018





Gjaldeyrismarkaðurinn í aðalhlutverki

- Það er ekkert hrun í kortunum í ferðapjónustu – slíkt gerist aðeins með heimskreppu eða óyndisatburðum. Bandaríkjamarkaður mun áfram tryggja einhvern vöxt í greininni.
- Viðskiptaafgangurinn sem hefur verið undirstaða krónunnar frá hruni er aðeins farinn að gefa eftir í kjölfar versnandi vörskipta.
- Mjög lítil velta á gjaldeyrismarkaði felur það í sér að krónan hreyfist í mjög litlum viðskiptum – það kostaði Seðlabankann aðeins rúman milljarð að stoppa veikingu krónunnar á síðustu dögum.
- Bankinn er í raun með gjaldeyrismarkaðinn höndunum.
- Almennt séð mun hagvöxtur sem leiddur er áfram af einkaneyslu og auknum ríkisútgjöldum veikja gengið.
- Krónan er búinn að toppa og mun síga á næstu misserum – gáleysi í komandi kjarasamningum mun veikja gengið.





Sjávarútvegurinn og krónan

- Gengi krónunnar hefur hreyfst óháð sjávarútvegi frá síðustu gengisfellingunni árið 1993.
- Sjávarútvegur vel í stakk búinn til þess að takast á við gengissveiflur vegna hlutaskiptakerfisins og öflugs alþjóðlegs markaðsstarfs.
- Útgerðin hagnast af lágu gengi en útgerðarmenn bíða ekki lengur eftir gengisfellingum til þess að laga reksturinn – þeir hagræða.
- Hagræðingin getur hins vegar verið sársaukafull – ljóst að smærri óhagkvæmari útgerðir lenda úti í kuldanum með háu gengi.





Niðurstaða





Sjávarútvegurinn

- Sjávarútvegur mun áfram fara með burðar-hlutverk í efnahagslífi Íslendinga á nýrri öld.
- Sjávarútvegur mun áfram verða aflvaki
 - Stöðugleika
 - Nýsköpunar
 - Framleiðni og bættra lífskjara
- Sjávarútvegur er og verður ein helsti grundvöllurinn fyrir samkeppnishæfni Íslands í breiðum skilningi ...

